

Fundur í fjallskilanefnd Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki, fimmtudaginn 13. ágúst 2026 kl. 17:00.

Mætt eru: Guðný Linda Gísladóttir, Halldór K. Jónsson, Eggert Kjartansson, Gunnar Guðbjartsson og Sigurbjörg Ottesen, sem að ritaði fundargerðina.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Nefnd skipti með sér verkum

Halldór K. Jónsson var kjörinn formaður nefndarinnar, Gunnar Guðbjartsson ritari og Guðný Linda Gísladóttir varaformaður.

2. Tilhögun fjallskila

Eftirfarandi var ákveðið á grundvelli fjárfjölda í hreppnum. Fjallskilaskildar eru 1354 kindur, eða tæplega 35 fullorðin kind á bak við dagsverkið. Einungis eru lögð á dagsverk vegna útrétta, réttaviðgerða og eyði eða búlausra jarða sem eiga fjallendi. Lagt er 1 dagsverk á eigendur slíkra jarða en önnur dagsverk lögð á fjáreigendur sem eiga fé sitt á fjalli. Ábúendur jarða skulu að öðru leiti smala sín heimalönd og koma óskilafé í tæka tíð til réttar eða í safngirðingar.

Því er treyst að landeigendur/ábúendur leysi ofangreind verk vel og samviskusamlega af hendi og stuðli þannig að því að fé komist í hendur réttra eigenda. Inn menn ekki fjallskil af hendi greiði þeir kr. 25.000,- fyrir dagsverkið.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi var slitið kl. 18:00. Fundargerð upplesin og send í rafræna undirritun.

Undirritunarsíða

Gunnar Guðbjartsson

Guðný Linda Gísladóttir

Eggert Kjartansson

Halldór Kristján Jónsson